

14. ágúst 2025

Kæri nýnemi!

Nú liður senn að upphafi haustannar hjá okkur í MS. Skólastarfið hefst samkvæmt [skóladagatali](#) föstudaginn 22. ágúst kl. 10:00 með móttöku nýnema, kynningu á skólastarfinu og hópefli.

Dagskrá lýkur um kl. 13 með grillveislu. Nemendur þurfa ekki að koma með neitt með sér en gott að vera klædd eftir veðri þar sem hópefli fer að hluta fram utandyra.

Kennsla á haustönn hefst samkvæmt stundaskrá **mánudaginn 25. ágúst**. Stundatöflur verða aðgengilegar í [Innu](#) fyrir upphaf kennslu og fá nemendur og forsjárfólk póst þegar þær eru tilbúnar. Inna er námskerfi skólans og er hún aðgengileg nemendum og forsjárfólki rafrænum skilríkjum. **Því er nauðsynlegt að nemendur hafi rafræn skilríki.**

Námsgagnalista má finna á [heimasíðu skólans](#). Nemendur eiga að útvega öll námsgögn um leið og stundatöflur eru tilbúnar og mæta með þau í skólann þegar kennsla hefst. Nemendur þurfa einnig að hafa aðgang að **fartölvu í skólanum** og **koma með eigin ritföng og reiknivél**.

Nemendur fá tölvupóst á næstu dögum með aðgangi að **Microsoft 365** á netfangið sem notað var þegar nemandi skráði sig í skólann. Mikilvægt er að nemendur hafi þennan aðgang og verði búnir að setja upp Office pakkann áður en skólinn hefst. Ef nemendur lenda í vanda geta þeir leitað til tölvuumsjónarmanns eftir nýrnemakynninguna föstudaginn 22. ágúst.

Upplýsingafundur fyrir forsjárfólk verður haldinn í skólanum miðvikudaginn 27. ágúst kl. 17-18. Við hvetjum aðstandendur til að ganga í Facebookhóp foreldraráðs MS sem má finna [hér](#).

Farið verður í **nýnemaferð** í Vatnaskóg fimmtudaginn 28. ágúst og komið aftur daginn eftir. Ferðin er skipulögð af skólanum og [nemendafélaginu](#). Nýnemaferðin er valkvæð og nemendur taka þátt í kostnaði við ferðina. Dagskrá og frekari upplýsingar berast þegar nær dregur. Við hvetjum nemendur til að mæta og kynna skólafélagunum.

Ef eitthvað er óljóst hafið þá endilega samband við skrifstofu skólans á msund@msund.is eða í síma 5807300.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur!

Bestu kveðjur,
starfsfólk Menntaskólans við Sund